

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1366/2019 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.*

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði.

##### *Tegundir úrgangs og ílát:*

Blandaður úrgangur 240 l ílát	34.900 kr.
Lífúrgangur 240 l ílát	9.900 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát	4.900 kr.
Plast 240 l ílát	4.900 kr.

##### *Losunartíðni:*

*Ílát fyrir lífúrgang:* söfnun á 21-28 daga fresti.

*Ílát fyrir pappír:* söfnun á 42 daga fresti.

*Ílát fyrir plast:* söfnun á 42 daga fresti.

*Ílát fyrir annan heimilisúrgang:* söfnun á 42 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

#### 3. gr.

##### *Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og gámasstöðva og meðhöndlun úrgangs.*

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur gámasvæðis:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 10.500 kr.

Innheimta skal gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta 13.500 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 13.510 kr.

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) 34.900 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 4,5 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 10 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað sem og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, fyrirtæki fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 10 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi, 5.000 kr.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er.

4. gr.

*Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem skilað er inn. Allur úrgangur er gjaldskyldur við skil nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi 6.500 kr.

5. gr.

*Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístanda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 7. desember 2022. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1578/2021 vegna meðhöndlunar úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 7. desember 2022.*

**Iða Marsibil Jónsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 16. janúar 2023